

REGLUGERÐ

um meðhöndlun seyru

I. KAFLI

Markmið, gildissvið og skilgreiningar

Markmið.

1. gr.

Markmið reglugerðar þessarar er að setja reglur um meðhöndlun seyru í tengslum við notkun hennar í landbúnaði, landgræðslu og skógrækt og koma í veg fyrir skaðleg áhrif vegna meðhöndlunar hennar á umhverfið og heilsu almennings.

Gildissvið.

2. gr.

Reglugerð þessi gildir um meðhöndlun seyru. Hún tekur til atvinnurekstrar hér á landi og í mengunarlögsögu Íslands. Reglugerðin á við um athafnir einstaklinga eins og við getur átt.

Skilgreiningar.

3. gr.

Atvinnurekstur er hvers konar starfsemi og framkvæmdir.

Grunnvatn er vatn, kalt eða heitt, sem er neðanjarðar í samfelldu lagi, kyrrstætt eða rennandi og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi.

Hlass seyru merkir afmarkað, uppsafnað magn einsleitrar seyru sem hægt er að taka dæmigerð sýni úr til mælinga skv. II. viðauka A og B og C.

Hreinsun seyru er það þegar seyra er hreinsuð á líffræðilegan eða efnafræðilegan hátt eða með hitun, er geymd í langan tíma eða hlýtur aðra viðeigandi meðferð til að draga verulega úr gerjunarhæfni og heilsufarsáhættu sem notkun hennar hefur í för með sér.

Húsaskólp er skólp frá íbúðarhúsnæði og þjónustustarfsemi sem einkum á rætur að rekja til efnaskipta mannslíkamans og heimilisstarfa.

Landbúnaður hvers konar framleiðsla búvöru og þá einkum búrekstur með áherslu á búfénað, matvæla- og fóðurframleiðslu.

Landgagnasafn er auðgreinanlegt safn af landgögnum.

Landgagnabjónusta eru aðgerðir sem hægt er, með hjálp tölvubúnaðar, að framkvæma á landgögnum sem geymd eru í landgagnasöfnum eða á tengdum lýsigögnum.

Landgræðsla er samheiti yfir alla starfsemi og aðgerðir til að vernda og bæta gróður og jarðveg með ákveðin markmið að leiðarljósi.

Losunarmörk eru mörk fyrir leyfilega losun sem óheimilt er að fara yfir á einu eða fleiri tímabilum. Mörkin geta verið tilgreind sem massi, rúmmál, styrkur eða aðrar breytur.

Meðhöndlun seyr er síun seyr, hreinsun seyr, tæming seyr úr hreinsivirkjum, flutningur seyr og notkun seyr.

Mengun er þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun loftis, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.

Notkun seyr er dreifing hennar á eða í jarðveg eða önnur notkun á eða í jarðvegi.

Ósíuð seyr er seyr með ristarúrgangi.

Persónueining (pe.) er það magn lífrænna efna sem samsvarar því sem einn einstaklingur er að jafnaði talinn losa frá sér á sólarhring. Ein pe. er það magn lífrænna efna sem getur brotnað niður lífefnafræðilega með 60 g súrefnis á dag mælt með 5 sólarhringa lífefnafræðilegri súrefnisnotkun (BOD_5).

Ristarúrgangur er aðskotahlutir sem falla til við síun á skólpi og seyr.

Rotþró er tankur til botnfellingar í því skyni að ná föstu sviflægu efni úr skólpi og brjóta niður lífrænt efni við loftfyrirtar aðstæður. Umhverfis- og orkustofnun gefur út leiðbeiningar um stærð, gerð og frágang rotþróa og siturlagna.

Seyr er afurðir skólphreinsunar og getur verið síuð eða ósíuð og hreinsuð eða óhreinsuð. Gerðir seyr eru:

- a) seyr frá skólphreinsistöðvum sem hreinsa húsaskólp eða skólp með sambærilega samsetningu,
- b) seyr frá rotþróum og sambærilegum skólphreinsivirkjum.
- c) salernisseyr frá þurrsalernum, vatnssparandi salernum eða öðrum salernum sem ekki eru tengd við sameiginlega fráveitu, t.d. svartvatn, þ.e. saur, hland, salernispappír og skolvatn.
- d) seyr frá skólphreinsivirkjum öðrum en þeim sem nefndar eru í lið a), b) og c).

Set frá settjörnum fyrir ofanvatn telst ekki vera seyr. Heldur ekki salernisseyr frá húsbílum og bátum.

Síuð seyr er seyr án ristarúrgangs.

Síun er hreinsiaðgerð sem fjarlægir ristarúrgang úr ósíaðri seyr eða úr skólpi áður en seyr er skilin frá því.

Skógrækt er öll sú starfsemi sem snýr að vernd, endurheimt, ræktun, umhirðu, nýtingu og endurnýjun skóga, þ.m.t. rannsóknir, ráðgjöf, áætlanagerð og verklegar framkvæmdir.

Skólp er húsaskólp og iðnaðarskólp eða blanda húsaskólps eða iðnaðarskólps og/eða ofanvatns.

Sóttmengið seyra er seyra sem nær ekki viðmiðunarmörkum um hámarksþéttleika baktería/sýkla fyrir hreinsaða seyru, sbr. I. viðauka B og 4. tölul.

Svartvatn er sá hluti skólps sem safnað er frá salernum. Svartvatn fellur undir c-lið í 16. tölul. þessarar greinar.

Umhverfismörk eru mörk sem óheimilt er að fara yfir í tilteknu umhverfi á tilteknum tíma og sett eru til að takmarka mengun umhverfis á grundvelli vísindalegrar þekkingar í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum á heilsu manna og/eða umhverfið. Mörkin geta verið tilgreind sem massi, rúmmál, styrkur eða aðrar breytur. Umhverfismörk geta verið sett til að vernda umhverfið í heild eða tiltekna þætti þess, t.d. sem heilsuverndarmörk eða gróðurverndarmörk.

Vatn er grunnvatn og yfirborðsvatn.

Yfirborðsvatn er kyrrstætt eða rennandi vatn, straumvötn, stöðuvötn, lón, árósavatn og strandsjór, auk jökla.

II. KAFLI

Umsjón

Um starfsleyfisúttefanda og eftirlitsaðila.

4. gr.

Um útgáfu starfsleyfa og eftirlit með þeim fer skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Umhverfis- og orkustofnun ber ábyrgð á heildarskráningu um notkun seyru hér á landi í samræmi við ákvæði 14. gr.

III. KAFLI

Almennar reglur

Meðhöndlun seyru.

5. gr.

Seyru skal nota ef kostur er og skal notkun hennar vera samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

Óheimilt er að losa seyru í yfirborðsvatn.

Meðhöndlun seyru fellur undir ákvæði reglugerðar nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri, eftir því sem við getur átt.

Hreinsun seyru og viðmið við hreinsun.

6. gr.

Við hreinsun seyru skal nota aðferð skv. III. viðauka A.

Til að tiltekið hlass seyru teljist hreinsað skal það uppfylla þau viðmiðunarmörk fyrir þéttleika baktería/sýkla sem fram koma í I. viðauka B.

Notkun seyru. Almennar reglur.

7. gr.

Nota skal seyru á þann hátt að tekið sé tillit til næringarþarfar gróðurs og að gæði jarðvegs, yfirborðsvatns og grunnvatns rýrni ekki. Bera má allt að 20 tonn seyru á hektara á 10 árum miðað við þurrvig. Dreifing seyru skal fara fram á þeim tíma sem plöntur þurfa mest á áburði að halda, þ.e. á vorin og snemmsumars. Dreifing að hausti áður en jörð frýs er einnig heimil. Einungis er heimilt að dreifa seyru á tímabilinu frá 1. apríl til 15. október.

Ekki skal bera seyru á verndarsvæði vatnsbóla, þekkt flóðasvæði eða á frosna jörð þegar hættu er á útskolun, t.d. vegna landhalla.

Notkun ósíaðrar seyru er óheimil. Notkun síaðrar seyru með uppruna skv. a-, b- eða c-lið 18. mgr. 3. gr. er heimil í landbúnaði og við landgræðslu og skógrækt með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í 8. og 9. gr. Notkun síaðrar seyru með uppruna skv. d-lið 18. mgr. 3. gr. er háð mati starfsleyfisveitanda á því hvort hún sé hæf til notkunar.

Tæting ósíaðrar seyru sem á að nota er óheimil.

Ef jarðvegur þar sem seyra er notuð er með lægra pH-gildi en 6 skal taka tillit til aukinnar tilfærslu þungmálma í jarðvegi og aukinnar upptöku afurða á þungmálmum og skal starfsleyfisveitandi þá, ef nauðsyn krefur, lækka viðmiðunarmörk, sbr. I. viðauka A.

Þar sem pH er stöðugt yfir 7 í jarðvegi er leyfilegt að mæligildi fyrir þungmálma fari 50% yfir viðmiðunarmörk enda sé tryggt að mati veitanda starfsleyfis að hvorki heilsa fólks né umhverfið hljóti skaða af.

Þar sem við á skal styðjast við starfsreglur um góða búskaparhætti.

Notkun seyru í landbúnaði.

8. gr.

Ákvæði þessarar greinar gilda um notkun seyru í landbúnaði.

Notkun óhreinsaðrar seyru í landbúnaði er óheimil.

Notkun hreinsaðrar seyru í landbúnaði er háð eftirfarandi takmörkunum:

a) Sé seyra notuð á beutiland skulu líða að minnsta kosti 6 mánuðir frá dreifingu þar til landið er beitt og almennur umgangur leyfður.

b) Sé seyra notuð á akra og tún eða annað gróðurlendi sem slegið er til fódurs eða beitt eða nýtt á annan sambærilegan hátt skulu líða að minnsta kosti 10 mánuðir frá dreifingu fram að uppskeru eða nýtingu landsins.

c) Óheimilt er að nota seyru við framleiðslu hvers konar matjurta, s.s. kartaflna, káls og annars grænmetis svo og til ræktunar korntegunda til manneldis. Hafi seyra verið notuð á slíkt land þurfa þrjú ár að líða frá dreifingu þar til heimilt er að hefja ræktun slíkra jurta á landinu.

Notkun seyru í skógrækt og landgræðslu.

9. gr.

Óhreinsaða seyru er heimilt að nota til landgræðslu og skógræktar fjarri mannabústöðum og utan alfaraleiða, enda sé hún jafnóðum felld eða plægð a.m.k. 10 cm niður í jarðveginn. Notkunarsvæðið skal girt dýrheldri girðingu. Umferð fólks um svæðið skal takmörkuð. Ef sérstakar aðstæður krefjast þess setur starfsleyfisveitandi nánari skilyrði í starfsleyfi um meðhöndlun seyrunnar, m.a. um hreinsun hennar og tímatakmarkanir sem lúta að aðgengi fólks og dýra.

Í undantekningartilvikum getur starfsleyfisveitandi heimilað notkun óhreinsaðrar seyru innan afgirtra landgræðslu- eða skógræktarsvæða sem eru langt frá byggð, utan alfaraleiða og hverfandi líkur á umferð fólks þar, án plægingar eða niðurfellingar. Í þeim tilvikum gilda skilyrði í 1. mgr. 9. gr. en telji starfsleyfisveitandi þörf á vegna heilbrigðissjónarmiða skal hann setja strangari skilyrði um notkunina í starfsleyfi.

Hreinsaða seyru er heimilt að nota á yfirborð jarðvegs til landgræðslu og skógræktar enda sé hún ekki sóttmengað.

Þungmálmar, örverur og aðskotahlutir í jarðvegi og seyru

10. gr.

Hámarksstyrkur þungmálma í jarðvegi sem seyra er borin á skal vera í samræmi við umhverfismörk í I. viðauka A.

Fari styrkur eins eða fleiri þungmálma í jarðvegi yfir umhverfismörkin í I. viðauka A er óheimilt að nota seyru á það svæði.

Tryggja skal, m.a. með því að fara eftir ákvæðum 2. mgr. eða með eftirliti, að styrkur þungmálma í jarðvegi fari ekki yfir umhverfismörkin í I. viðauka A.

Styrkur þungmálma, þéttleiki örvera og hlutfall aðskotahluta í seyru sem á að nota, skal vera skv. I. viðauka B.

Hámarksmagn þungmálma sem heimilt er að dreifa á ári á land skal vera í samræmi við losunarmörk í I. viðauka C.

Greining seyru og jarðvegs.

11. gr.

Þar sem seyra er notuð í landbúnaði, landgræðslu og skógrækt skal greina eðlis- og efnafræðilega þætti í seyrinni og í jarðvegi þar sem hún er borin á í samræmi við ákvæði II. viðauka A, B og C.

a) Sá sem meðhöndlar seyru og afhendir hana til endurnýtingar ber ábyrgð á greiningum í henni og tryggir að hún uppfylli kröfur skv. I viðauka B. Heimilt er að samþykkja annarskonar fyrirkomulag, s.s. að notandi annist greiningarnar.

b) Notandi seyru ber ábyrgð á greiningum á jarðvegi þess svæðis sem seyra er borin á.

Ef þörf krefur skal starfsleyfisveitandi setja frekari skilyrði fyrir greiningu á efna- og eðlisþáttum í seyru og í jarðvegi í starfsleyfi þeirra sem meðhöndla seyru, m.a. varðandi tíðni sýnatöku, mælingar og skráningar.

Sýnataka og greining seyru skal byggjast á aðferðum sem tilgreindar eru í II. viðauka C.

Ristarúrgangur og seyra sem ekki er unnt að nota.

12. gr.

Ristarúrgangur og seyra sem ekki er unnt að nota telst úrgangur í samræmi við lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og skal flytja til móttökustöðvar sem hefur starfsleyfi til að taka við slíkum úrgangi.

Tæming, flutningur og geymsla.

13. gr.

Sveitarstjórnir skulu sjá til þess að fram fari kerfisbundin tæming á seyru úr rotþróum og safntönkum húsa fyrir salernisseyru (m.a. svartvatn).

Starfsleyfishafar starfsemi og rekstrar- eða umsjónaraðilar húsnæðis eða svæða þar sem seyra fellur til eða er meðhöndluð bera ábyrgð á allri meðferð og flutningi seyrinnar.

Notendur seyru bera ábyrgð á geymslu og notkun seyru. Uppsöfnuð seyra skal einungis geymd á notkunarstað og að jafnaði ekki lengur en 6 mánuði.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði

Skráning.

14. gr.

Peir sem meðhöndla seyru skulu halda upplýsingum um:

1. Heildarmagn framleiddrar seyru og magn sem látið er í té til landbúnaðarþarfa, skógræktar og landgræðslu.
2. Samsetningu og eiginleikum seyrunnar m.t.t. mælipátta í II. viðauka A.
3. Magn seyru sem afhent er til móttökustöðva sem hafa starfsleyfi.
4. Tegund hreinsunar, sbr. 4. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 7. gr.
5. Nöfn og heimilisföng viðtakenda seyrunnar og notkunarstað.

Liðir 2 til 5 í 1. mgr. eiga ekki við vegna seyru, sbr. a og b-lið 18. mgr. 3. gr., enda sé magnið minna en 5.000 pe.

Starfsleyfisveitandi skal setja ákvæði í starfsleyfi um skráningu og skil á upplýsingum í samræmi við þessa grein. Starfsleyfishafar eru ábyrgir fyrir árlegum skilum á upplýsingum í rafræna gátt sem Umhverfis- og orkustofnun leggur til. Skil skulu fara fram fyrir 15. mars á eftirfarandi almannaksári. Heilbrigðisnefndir hafa eftirlit með að slíkt sé gert. Umhverfis- og orkustofnun birtir upplýsingarnar og gerir aðgengilegar almenningi í formi landupplýsinga.

V. KAFLI

Aðgangur að upplýsingum, valdsvið, þvingunarúrræði og viðurlög

Aðgangur að upplýsingum.

15. gr.

Heilbrigðisnefndir skulu taka saman eftirfarandi upplýsingar og senda til Umhverfis- og orkustofnunar:

1. magn seyru sem myndast og magn sem er afhent til notkunar í landbúnaði,
2. samsetningu og eiginleika seyrunnar í tengslum við færðbreyturnar sem um getur í II. viðauka A,
3. tegund meðhöndlunar sem fram fer eins og skilgreint er í 6. mgr. 3. gr.,
4. heiti og heimilisföng viðtakenda seyrunnar og staðinn þar sem nota á seyrana,
5. allar aðrar upplýsingar er varða framkvæmd þessarar reglugerðar.

Nota skal landgagnabjónustuna til að sýna landgagnasöfnin sem koma fram í upplýsingunum sem eru skráðar í þessum skrá.

Liðir 2 til 4 í 1. mgr. eiga ekki við seyru frá skólphreinsistöðvum, þ.e. húsaskólp eða skólp með sambærilega samsetningu, sbr. a-lið 16. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar, þegar magn seyru er minna en 5.000 pe.

Umhverfis- og orkustofnun veitir almenningi greiðan aðgang að skráningum sem um getur í 1. mgr., fyrir hvert almanaksár, innan átta mánaða frá lokum viðkomandi almanaksárs, í samræmi við stöðluð gagnasnið, ef þau eru fyrir hendi.

Umhverfis- og orkustofnun skal senda Eftirlitsstofnun EFTA þær upplýsingar sem um getur í 1. mgr.

Valdsvið og þvingunarúrræði.

16. gr.

Þegar við á geta eftirlitsaðilar beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að knýja á um ráðstafanir samkvæmt reglugerð þessari.

Viðurlög.

17. gr.

Ákvæði um refsiviðurlög í kafla XIX í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir eiga við um brot á ákvæðum þessarar reglugerðar.

VI. KAFLI

Lagastoð, gildistaka og innleiðing EES-gerða.*Innleiðing EES-gerða.*

18.gr.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á eftirfarandi EES-gerðum:

Tilskipun ráðsins 86/278/EBE frá 12. júní 1986 um verndun umhverfisins, einkum jarðvegs, þegar seyra frá skólphreinsistöðvum er notuð í landbúnaði, sbr. 32. tölul. XX. viðauka EES-samningsins.

Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/853 frá 30. maí 2018 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1257/2013 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/63/EB og 2009/31/EB og tilskipunum ráðsins 86/278/EBE og 87/217/EBE að því er varðar reglur um málsmeðferð á sviði skýrslugjafar um umhverfismál og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 91/692/EBE sbr. 18.lið og 32. lið XX. viðauka EES-samningsins.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1010 frá 5. júní 2019 um samræmingu á kvöðum um skýrslugjöf á sviði löggjafar í tengslum við umhverfið og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 166/2006 og (ESB) nr. 995/2010, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2002/49/EB, 2004/35/EB, 2007/2/EB, 2009/147/EB og 2010/63/ESB, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 338/97 og (EB) nr. 2173/2005 og tilskipun ráðsins 86/278/EBE, sem vísað er til í XX. viðauka við EES-samninginn eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 300/2024 frá 6. desember 2024.

Lagastoð og gildistaka

19. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Jafnframt er reglugerðin sett að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað varðar skyldur sveitarfélaga, sbr. ákvæði 3. mgr. 43. gr. laga nr. 7/1998.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu. Á sama tíma fellur brott reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu[].

Jóhann Páll Jóhannsson.

Stefán Guðmundsson.

I. VIÐAUKI A

Umhverfismörk fyrir styrk þungmálma í jarðvegi.

Umhverfismörk fyrir styrk þungmálma í jarðvegi sem seyra er borin á (mg/kg af þurrefnum í dæmigerðu jarðvegssýni með pH-gildi 6-7, svo sem skilgreint er í II. viðauka C).

Frumefni/efnasamband	Viðmiðunarmörk
kadmíum (Cd)	1
kopar (Cu)	50
nikkel (Ni)	30
blý (Pb)	50
sink (Zn)	150
kvikasilfur (Hg)	1
króm (Cr)	100

Varðandi jarðveg með pH > 6 og >7, sjá 5. og 6. mgr. 7. gr.

I. VIÐAUKI B

Leyfilegur hámarksstyrkur þungmálma, hámarkspéttleiki baktería/sýkla og hámarkshlutfall aðskotahluta í seyru sem er notuð í landbúnaði, landgræðslu og skógrækt.

Frumefni/efnasamband	Viðmiðunarmörk (mg/kg af þurrefnum)
kadmíum (Cd)	20
kopar (Cu)	1.000
nikkel (Ni)	300
blý (Pb)	750
sink (Zn)	2.500
kvikasilfur (Hg)	16
króm (Cr)	500
Bakteríur/sýklar	Viðmiðunarmörk
<i>Salmonella</i> teg.	Finnst ekki í 50 g blautvigt
<i>E.coli</i>	<100 á g blautvigt
Aðskotahlutir	Viðmiðunarmörk
Aðskotahlutir >4 mm úr plasti, gleri eða málmagnir	0,5% af þurrvikt seyrunnar

I. VIÐAUKI C

Leyfilegt hámarksmagn þungmálma sem má bera á ræktað land á ári, miðað við tíu ára meðaltal.

Frumefni/efnasamband	Viðmiðunarmörk (kg/ha á ári)
kadmíum (Cd)	0,15
kopar (Cu)	12
nikkel (Ni)	3
blý (Pb)	15
sink (Zn)	30
kvikasilfur (Hg)	0,1
króm (Cr)	3

II. VIÐAUKI A

Greining seyru

1. Að jafnaði skal greina seyru í hlassi á að minnsta kosti á sex mánaða fresti. Ef breytingar verða á eðli skólps sem hreinsað er er nauðsynlegt að greina oftar. Ef niðurstöður greininga breytast ekki á marktækan hátt í heilt ár skal greina seyruna að minnsta kosti á tólf mánaða fresti.
2. Eftirtaldir þættir skulu greindir í seyru:
 - þurrefni, lífrænt efni,
 - pH,
 - köfnunarefni og fosfór,
 - kadmíum, kopar, nikkel, blý, sink, kvikasilfur og króm.
 - *E. coli* og *Salmonella* tegundir.
 - Aðskotahlutir
3. Ef sýnt hefur verið fram á að þungmálmarnir kopar, sink og króm eru ekki til staðar í seyrunni eða aðeins í hverfandi mæli skal starfsleyfisveitandi ákveða tíðni greininga.

II. VIÐAUKI B

Jarðvegsgreining

1. Þegar seyra sem ekki hefur verið rannsökuð m.t.t. þungmálma er notuð, skal tryggja að innihald þungmálma í jarðveginum fari ekki yfir umhverfismörk í samræmi við I. viðauka A. Starfsleyfisveitendur ákveða hve langt skal líða milli frekari greininga á jarðvegi, s.s. á næringarefnum. Ákvörðunin skal byggja á niðurstöðum mælinga á innihaldi málma í jarðvegi, magni og samsetningu seyrunnar sem notuð er auk annarra þátta sem máli skipta. Greiningar skulu ná til eftirtaldra þátta í jarðvegi:
 - pH,
 - kadmíum, kopar, nikkel, blý, sink, kvikasilfur og króm.

II. VIÐAUKI C

Sýnatöku- og greiningaraðferðir

1. **Taka jarðvegssýna**
Dæmigerð jarðvegssýni til greiningar skulu að jafnaði samanstanda af blöndu úr 25 kjarnasýnum af svæði sem ekki er stærra en 5 hektarar og unnið er á eða ræktað í sama tilgangi. Sýni skulu tekin niður á 25 sm dýpi nema yfirborðsjarðvegur sé þynnri en það. Í því tilviki skal sýnatökudýpi þó ekki vera minna en 10 sm.
2. **Taka seyrsýna.**
Seyrsýni skulu tekin eftir hreinsun en áður en notandi tekur við seyrunni og skulu þau vera dæmigerð fyrir framleidda seyru. Heimilt er að gera frekari kröfur um sýnatöku í starfsleyfi.

3. Greiningaaðferðir

Greining þungmálma skal fara fram eftir sterka sýrumeltingu. Tilvísunaraðferð við greiningu er frumeindagleyfnimæling. Greiningarmörk fyrir hverja málmtegund mega ekki vera hærri en 10% af þeim viðmiðunarmörkum sem eiga við.

Greining *E. coli* og *Salmonella* teg. í seyrú skal vera skv. íslenskum eða alþjóðlegum stöðlum eða öðrum jafngildum aðferðum.

III. VIÐAUKI A.

Aðferðir til hreinsunar seyrú

Aðferðir sem má nota til hreinsunar seyrú. Heimilt er að beita öðrum aðferðum sem ná sambærilegum árangri.

Hreinsunaraðferð	Viðmiðunargildi breytna sem skulu ver uppfyllt	Skilyrði við hreinsun
Þurrkun við hita	Hitastig 80°C á meðferðartímanum ¹ í 10 mínútur.	Allt efni skal ná a.m.k. þessu hitastigi. Rakahlutfall verði <10%.
Bakteríueyðing	Hitastig 70°C í 60 mínútur.	Allt efnið skal ná a.m.k. þessu hitastigi
Hitakær melting og vot jarðgerð	Minnsti vökvafraðilegi viðstöðutími ² : 7 sólarhringar við minnst 52°C .	Allt efnið skal ná a.m.k. þessu hitastigi.
Kalkmeðferð (óleskjað kalk, CaO)	pH: 12 Tímalengd: 2 klst.	Allt efnið skal ná a.m.k. þessu pH. Fylgjast skal með pH og hitastigi í seyrunni.
Ammóníakmeðferð, t.d. með þvagefni eða aukapvagi	pH 8,5 – 9,5 í þrjá mánuði (miðað við 1,8 % urea eða 0,9 % ammóníak).	Allt efnið skal halda pH á þessu bili. Fylgjast skal með pH, styrk ammóníaks (N) og hitastigi. í seyrunni

1. Tíminn sem engu efni er bætt við eða tekið út.

2. Heildarrúmmál seyrú sem er til meðferðar deilt með viðbættu seyrumagni á sólarhring.